

Mjófirðinga á leið yfir Trékyllisheiði að norðan, kól illa.

Borinn galdraáburður á Guðmund Þórðarson í Botni í Súgandafirði af Lénharði Jónssyni, áttæðum, og syni hans Sveini, er legið hafði máttlaus og mjög veikur heilt ár. Málið dæmt til alþingis, hvort Gvendi skyldi eiður dæmast, þar eð engin líkindi fylgdu áburðinum. Honum var síðan dæmdur tylftareiður á alþingi, sem hann sór.

Páli nokkrum Oddssyni úr Húnavatnssýslu dæmt á alþingi til tylftareiðs fyrir galdra um veikleika á kvinnu séra Þorvarðs á Breiðabólstað.